






1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HELGAFELLSSVEITAR

Breyting á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.sbr. tekur til um 2,8 ha svæðis í Birkilundi í landi Saura og felst í breytingu á landbúnaðarsvæði og fristundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar rekstrarleyfiskyldra útleiguhúsa enn fremur stækkun íbúðarbyggðar um 6,6 ha, minnkun landbúnaðarsvæðis um 4 ha og minnkun á fristundabyggð um 5,3 ha. Samhlíða fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður kynnt nýtt deiliskipulag fyrir Birkilund. Jörðin Saurar liggur norðan Drápuhlíðarfjarls og nær að Vigrarfirði í norðvestri og Áltafjarði í norðaustri. Í suðaustri liggja jarðamörk Saura og Hóla um Brettingsstaðalæk. Í suðvestri liggja jarðamörk við Innri og Ytri Drápuhlíð, Skjöld og Amarstöðum. Skipulagssvæðið liggur um kjarri vaxna ása í um 20-40 metra hæð yfir sjávarmáli. Í Birkilundi er fyrirhugað að reisa 15 útleiguhús allt að 45 m² á lóð sem verður til við sameiningu fimm fristundalóða í Birkilundi. Hvert útleiguhús mun hafa gistiþláss fyrir allt að fimm einstaklinga eða samtals allt að 75 gistiþláss. Lóðirnar verða staðsettar í botnlanga austanvert í fristundabyggðinni. Íbúðarbyggðin stækkar sem nemur fjórum íbúðarlóðum, þrjár þeirra eru nýrst á svæðinu þ.e. Birkilund 50, sem áður var á landbúnaðarsvæði og tvær nýjar lóðir, sem staðsettar eru sunnan við Birkilund 50. Fjórða íbúðarlóðin er austast á svæðinu þ.e. Birkilundur 44, sem áður var fristundalóð.

2 TENGLS BREYTINGAR VIÐ AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

2.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á að skipulagsákvörðanir um hönnun nýrra mannvirka í dreifbýli taki mið af landslagi og staðhættum. Í stefnu stjórnvalda er einnig lögð áhersla á að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitað við að greina sérstöðu, styrkleika og staðarana viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Í stefnunni er einnig kveðið á um að skipulagsáætlanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og miði jafnframt að því að uppbygging ferðaþjónustu nýlist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Hönnun og staðsetning húsa til útleigu í Birkilundi mun taka mið af landslagi og staðhættum. Gert er ráð fyrir að tiltekin ferðaþjónusta nýlist jafnt íbúum og ferðamönnum á svæðinu. Þó Landsskipulagsstefnan leggji áherslu á að stuðla sé að vexti í þéttbýli, þá veitir hún eðlilegt svigrúm til uppbyggingar íbúða í dreifbýli, sem stöðji við nærsamfélag og landnýtingu á viðkomandi svæði. Talið er jákvætt að heimila stofnun tveggja nýrra íbúðalóða við nærliggjandi íbúðarbyggð sem er í Birkilundi, þar sem hægt verður að nýta þá innviði og þjónustu sem fyrir eru á svæðinu. Umræddar íbúðarlóðir munu mynda rökraena og samhangandi byggð. Verið er að beina vexti að íbúðarbyggð sem er þá þegar til staðar. Annað leiðarlífs Landsskipulagsstefnunnar er að stöðja „samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta“. Með fyrirhugaðri breytingu verður samkeppnishæfni sveitarfélagsins styrkt með því að auka möguleika á varanlegri búsetu innan sveitarfélags og bjóða upp á nýja valkosti í ferðaþjónustu.

2.2 Aðalskipulag

Svæðið sem fyrirhuguð breyting nær til er samtals 9,4 ha að stærð og skiptist í: 2,8 ha verslunar- og þjónustusvæði (áður 2,7 ha fristundabyggð og 0,1 ha landbúnaðarsvæði) 6,6 ha íbúðarbyggð (áður 4 ha landbúnaðarsvæði og 2,6 ha fristundabyggð). Eftir breytingu verður því til 2,8 ha verslun- og þjónustusvæði, 36,4 ha fristundabyggð og 16,2 ha íbúðarbyggð.

Landbúnaðarsvæði: Í aðalskipulagi er stefnt að því að efla og þróa landbúnað, vistvæna ræktun landbúnaðarvara og framleiðslu. Á aðalskipulagsupprætti eru tún, þ.e. ræktað land, afmörkuð og sýnd. Óheimilt er að spilla eða rýra túnum með annarri landnotkun. Svæðið sem hér um ræðir og varðar fyrirhugaða breytingu er ekki skilgreint sem tún. Landið er kjarri vaxið og ekki tengt til heyrnleiðislu eða kornræktar og telst því ekki mikilvægt til matvælaframleiðslu. Bæjarstjórn Stykkishólms tekur ákvörðun um hvort leyfa eigi breytingu á landnotkun landbúnaðarsvæðis í aðalskipulagsbreytingunni þar sem landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í sveitarfélaginu sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Bæjarstjórn samþykkir sbr. 5.gr. jarðalaga nr. 81/2004 að breyta landnotkun landbúnaðarsvæðis í landi Saura í íbúðarbyggð (3,9 ha af landbúnaðarsvæði) og verslunar- og þjónustusvæði (0,1 ha af landbúnaðarsvæði) þar sem fyrirhuguð eru áform um stofnun tveggja nýrra íbúðarlóða, breyting á einni lóð á landbúnaðarlandi í íbúðarlóð og uppbyggingu útleiguhúsa í umræddu landi. Samkvæmt aðalskipulagi er tæpur 1 km í næsta tún og fyrirhugaðar íbúðarlóðir og útleigu hús munu ekki hafa áhrif á það.

Verslun- og þjónustusvæði: Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er aðeins gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði í tengslum við ferðaþjónustu á þremur stöðum: Bjarnarhöfn, í og við félagsheimilið Skjöld og veiðihúsið á Kársstöðum. Verslunar- og þjónustusvæði á Saurum bætist því við. Svæðið sem um ræðir er um 2,8 ha að stærð. Stærsti hluti þess, eða 2,7 ha, er í dag skilgreindur sem fristundabyggð og 0,1 ha er landbúnaðarsvæði. Með breytingunni verður þetta svæði skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði.

Fristundabyggð: Samkvæmt greinargerð aðalskipulags á bls. 87 kemur fram að „Ef lóðir fyrir fristundabyggð eru fleiri en 30 á tilteknu svæði skal gera ráð fyrir sparkvelli í tengslum við svæðið og leikja- og útivistarstöðu.“ Fristundabyggðin í Birkilundi verður undanskilinn þessari setningu þar sem eftirt er að koma fyrir slíki aðstöðu þar sem landslag er hæðott og þörf á að taka tillit til vistkerfis svæðisins, þ.e. kjarr- og votlendi. Samkvæmt greinargerð aðalskipulags er núverandi stærð fristundarbyggðar í Birkilundi 32,9 ha en á aðalskipulagsupprætti er byggðin 41,6 ha. Fjöldi svæða innan Saura er leiðrétt í töflu greinargerðar, en svæðin eru 3. Við breytinguna verða sem sagt greinargerð og uppráttur leiðrétt og upplýsingar samræmdar. Við breytinguna minnkar fristundabyggðin um 5,2 ha og verður 36,4 ha að stærð. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á töflu 22 á bls. 88 „Stærð og staðsetning svæða undir fristundabyggð“:

Fyrir breytingu:

Jörð	Fjöldi svæða	Heildarstærð svæðis (ha)	Stærð byggingarsvæðis (ha)	Hámarksfjöldi lóða
Saurar	1	62,4	46,8	93
- Birkilundur***	1	32,9	-	45

Eftir breytingu:

Jörð	Fjöldi svæða	Heildarstærð svæðis (ha)	Stærð byggingarsvæðis (ha)	Hámarksfjöldi lóða
Saurar	3	98,8	46,8	87
- Birkilundur***	1	36,4	-	39


Íbúðarbyggð: Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er gert ráð fyrir 9,6 ha íbúðarbyggð í landi Saura. Eftir breytingu verður íbúðarbyggðin 16,2 ha (stækkun um 6,6 ha). Stærsti hluti þess var áður skilgreindur sem landbúnaðarsvæði og fristundabyggð. Afmörkun íbúðarbyggðar á aðalskipulagsupprætti er ónákvæm og verður leiðrétt í samræmi við þegar stofnaðar íbúðarlóðir. Sú breyting mun jafnframt hafa áhrif á afmörkun fristundabyggðarinnar.

2.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Birkilund frá 1984. Samkvæmt því er gert ráð fyrir 44 lóðum fyrir fristundahús en engir skilmálar fylgja því skipulagi. Árið 2002 var unnin breytingartillaga á deiliskipulaginu (Telknistofan Eik) sem fól í sér heildarendurskoðun og fjölgun lóða. Tillagan var auglýst og samþykkt í sveitarstjórn en tók aldrei lögformlegt gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Árið 2006 var aftur unnin tillaga að deiliskipulagsbreytingu (Landlinur), sem byggði á tillögunni frá 2002. Í þeirri tillögu var fristundabyggðin stækkuð um tæpa 5 ha, íbúðarlóðum fjölgað um tvær og 11 fristundalóðum var breytt í íbúðarlóðir. Jafnframt voru byggingarreitir skilgreindir og skilmálar uppfærðir. Þó svo að þessi tillagan hafi verið notuð til grundvallar byggingarleyfum, óðlaðist hún aldrei lögformlegt gildi. Samhlíða fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður nýtt deiliskipulag fyrir Birkilund kynnt, sem byggir að mestu leyti á deiliskipulagstillögunni frá 2006.

3 GRÓÐURFAR

Samkvæmt kortagrunni Skógræktarinnar, Náttúrulegt birki á Íslandi er skilgreindur birkiskógur á umræddum svæðum (Land og skógur, 2015). Hæð skógarins er 2-3 metrar og heildarkrónuþekja birkisins er um 80%. Birkiskógurinn á svæðinu fellur undir náttúruskóg, sem er skilgreindur sem land sem er að lágmarki 0,5 ha að flatarmáli. Í slíkum skögum eru sjálfsánar trjátegundir ríkjandi s.s. ílmþjörk, reynivíður, blæðsp, gulvíðir og löðvíðir og ná fullvaxnar a.m.k. 2 m hæð og a.m.k. 10% krónuþekju, sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Í Landgræðsluáætlun og landsáætlun (2022) í skógrækt til ársins 2031, kemur fram að náttúruskógar og votlendi eru mikilvæg vistkerfi margrar lífvera og fyrir líffræðilegar fjölbreytni í víðara samhengi. Þessi vistkerfi geyma mikið magn af kolefnis, ekki síst í jarðvegi. Vistkerfin hafa verið röskuð verulega og er vernd þeirra því einn af hornsteinum gróðurs- og jarðvegsverndarstarfs á Íslandi. Einnig kemur fram í áætluninni að mikilvægt er að vernda þær skógarleifar og náttúruskóga sem fyrir eru og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra með sjálfsáningu. Með þessu er verið að styrkja líffræðilegan fjölbreytileikan og uppbyggingu jarðvegs. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lífandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lífandi náttúru. Umhverfisstofnun telur að nauðsynlegt sé að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika. Hægt er að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðing ágegnra tegunda og margt fleira.



Skýringar

- Opin svæði
- Skógrækt
- Skógrækt samningar við Vesturlandsskóga
- Íbúðarbyggð
- Fristundabyggð
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Vötn, Ár
- Tengivegir
- Fomar þjóðleiðir - göngu- og reiðleiðir
- Tún

Birkiskógar falla undir sérstaka vernd þar sem þeir eru sérstæðir eða vístfræðilega mikilvægir og leifar þeirra, þar sem eru m.a. gömul tré sbr. b. líð 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt umsógn frá Land og skóg, þann 12. mars 2024, heldur stofnunin utan um lista sem ekki er búið að birta yfir þá skóga sem falla undir ofangreind lög. Umræddur skógur verður ekki á þeim lista og fellur því ekki undir 61. gr. náttúruverndarlaga að svo stöddu. Þar sem skógurinn fellur ekki undir lagagreinina er ekki talin þörf á sérstakri umsógn Umhverfisstofnunar við úthlutun framkvæmda-/og/éða byggingaleyfa.

Umhverfisstofnun og Land og skógur hvetja til, þó svo að skógurinn falli ekki undir ofangreind lög, að birkiskóginum á Saurum sé hlíft þar sem fátt er um aðra birkiskóga á Snæfellsnesi vestan Áltafjarðar. Í Aðalskipulagi Helgafellssveit segir: „Sauraskógur er eini teljandi birkiskógurinn í Helgafellssveit. Hann er sérstaklega fallegur og skemmtilegur vitnisburður um gróðurfar eins og það líklega var fyrir árhundruðum, þar sem skiptast á blautir eða hálfblautir flóar á milli kjarri vaxinna ása.“ Mikilvægt er að hlífa Sauraskógi eins miklil og hægt er út frá líffræðilegum fjölbreytileika og vegna sérstöðu hans. Í tillögunni verður gert ráð fyrir allt að 15 útleiguhúsum 45 m² að stærð á fyrirhuguðu verslunar- og þjónustusvæði sem tekur til fimm fristundalóða sem sameinaðar verða í eina. Umrætt svæði er kjarri vaxið og verður leitað við að fella húsin, áðkomuvegi, bilastæði og annað þeim tilheyrandi sem best að landslagi og takmarka trjáfellingu eins og frekast er unnt. Þó svo að fyrirhuguð breytingin geri ráð fyrir aðeins meira byggingarmagni en deiliskipulagstillagan frá 2006 (5 x 120 m² fristundahús = 600 m² og 15 x 45 m² útleiguhús = 675 m²) verður mögulegt að staðsetja útleiguhúsin og aðstöðu tengda þeim í þyrpingum, sem stuðlar frekar að verndun skógarins en að dreifa byggingarmagninu á fimm fristundalóðir.

Fyrirhugað er að stofna tvær nýjar íbúðarhúsalóðir á svæði þar sem fyrir er birkikjarr. Til þess að koma húsunum og tengdri aðstöðu s.s. innkeyrslu og bilastæðum fyrir, þarf líklega að fjarlægja einhvern gróður af svæðinu. Þörf verður á mótvægisáðgerðum í deiliskipulagstillögu, sem er ráð að vinna samhlíða þessari breytingu, er lögð áhersla á að á framkvæmdatíma skuli haga framkvæmdum þannig að birkikjarr raskist sem minnst og að mótvægisáðgerðum verði beitt með því að gróðursetja sambærilega miklum skógi og raskað er, með því að gróðursetja birki annarsstaðar á lóðum, á skilgreindum opnum svæðum eða innan sveitarfélagsins í samráði við Land og skóg og Fristunda- og íbúðarhúsfélagið í Birkilundi eða sveitarfélagið. Mótvægisáðgerðir geta falist í útplöntun eða sáningu þannig að upp komist skógur sbr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Þar sem um er að ræða gamlan skóg 60-100 ára gæti talist að gróðursetja/sá sambærilega miklum skógi og hefur tapast ekki nægilegt. Því þarf að skoða vel hvert tilvik fyrir sig og við gerð áætlunar um mótvægisáðgerðir skal hafa samráð við Land og skóga. Mótvægisáðgerðir skulu hefjast elgi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógarins sbr. 3. mgr. 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Sækja þarf skriflega um leyfi hjá stofnuninni fyrir skógarhöggi vegna framkvæmda. Leyfisskylda er til komin vegna skuldbindinga Íslands um kolefnisforða, bindingu og losun þess.

4 FORSENDUR OG RÖKSTUÐNINGUR FYRIR BREYTINGARTILLÖGU

Mikill uppgangur hefur verið í ferðaþjónustu á Vesturlandi síðustu misserín og með tilkomu útleiguhúsanna er verið að fjölga gistingu á svæðinu og koma til móts við aukna eftirspurn gistingu í nálagð við einstaka náttúru. Fyrirhuguð breyting fristundabyggðar í verslunar- og þjónustusvæði er tilkomin vegna beiðni landeignenda Saura sem vill selja lóðir til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu til viðbótar við núverandi fristundahús og hótél í næsta nágrenni. Landeigandi Saura telur Birkilund einstaklega vel til þess fallinn að bjóða upp á blandaða landnotkun fristundabyggðar, íbúðabyggðar og ferðaþjónustu og að lítil útleiguhús sé góð leið til þess. Einnig hyggst landeigandi nýta þá innviði sem fyrir eru á svæðinu eins og mögulegt er, m.a. vegi og lagirn, þó leggja þurfi nýjan veg og lagirn að útleiguhúsunum. Fyrirhuguð breyting á landbúnaðarsvæði í íbúðarbyggð er tilkomin vegna beiðni frá lóðarhöfum Birkilundar 50 en þau vilja nýta tækifærið og bæta við tveimur íbúðarhúsalóðum á landareign sinni í deiliskipulagstillögu sem kynnt verður samhlíða auglýsingu aðalskipulagsbreytingar þessarar.

Fyrirhuguð breyting á hluta fristundabyggðar í íbúðarbyggð, þ.e. á Birkilundi 44 verð breytt í íbúðarlóð er tilkomin vegna þess að aðrar lóðir við götuna eru íbúðarlóðir. Við það næst hagrænn ávinningur fyrir sveitarfélagið og heildar yfirbragð byggðar verður betra.

5 ÁHRIF BREYTINGAR Á SAMFÉLAG OG UMHVERFI

Gert er ráð fyrir að rekstur á nýjum útleiguhúsum muni hafa jákvæð hagræn áhrif á samfélagið sem felst í fjölgun starfa í sveitarfélaginu auki fjölbreytileika í gistinguðgæileikum á svæðinu. Þar sem um er að ræða svipað heildarbyggingarmagn, er talið að breytingin hafi lítil áhrif umfram það sem nú þegar er heimilæi í gildandi aðalskipulagi. Uppbyggingu á þremur íbúðarhúsum mun hafa neikvæð áhrif á landslag, gróður og dýralíf vegna aukins byggingarmagns. Mótvægisáðgerðum verður beitt til að lágmarka áhrifin meðal annars með að staðsetja byggingar þar sem rof er í skógi. Innan svæðanna eru ekki skráðar formínjar. Ekki eru fyrirhugaðar neinar framkvæmdir sem falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Feb. - mars	Skipulagslýsing Skipulagslýsing breytingar Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012-2024 er varðar Birkilund í landi Saura, var tekinn fyrir fund bæjarstjórnar þann 25. janúar 2024. Leitað var umsagnar lýsingar breytingartillögu hjá eftirtöldum aðlum: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Land og skógi , Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Brunavörnum Stykkishólms og nágrennis, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Frístunda- og íbúðahúsfélaginu í Birkilundi, Hestaelgindafélagi Stykkishólms og lóðarhöfum aðliggjandi lóða. Lýsingin var auglýst þann 14. febrúar til 13. mars 2024, á heimasíðu sveitarfélagsins www.stykkisholmur.is, í Skipulagsgáttinni og í ráðhúsi Stykkishólms, þar sem íbúar og hagsmunaaðilar voru hvattir til að kynna sér lýsinguna og senda inn ábendingar sbr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Landi og skógi, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Milu, RARIK, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Brugðist hefur verið við umsögnum. Ein ábending barst á auglýsingartíma og brugðist verður við henni.
	Vinnslutillaga Vinnslutillaga að aðalskipulagsbreytingu lögð fyrir skipulagsnefnd þann 15. apríl 2024, svo fyrir bæjarráði þann 18. apríl 2024 og fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu þann 24. apríl 2024 og send til yfirferðar Skipulagsstofnunar.
Apríl	Auglýst tillaga Aðalskipulagsbreyting auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samtímis skal óskað eftir umsögnum lögboðinna umsagnaraðila.
Mái	Gildistaka Afstaða tekin til athugasemda og tillagan tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn sbr. 32 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga send til yfirferðar Skipulagsstofnunar. Gildistaka auglýst í b-deild Stjórnartíðinda sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Mai - júlí	

7 HEIMILDARSKRÁ

Land og skógur (e.d.). *Náttúrulegt birki á Íslandi*. Sótt frá: <https://ioeforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3>
Matvælaráðuneytið (2022). *Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt*. Sótt frá: [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/MAR/Flygiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/MAR/Flygiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20(1).pdf)

8 SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn sveitarfélags Stykkishólms þann _____ 2024.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2024.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2024.

BIRKILUNDUR Í LANDI SAURA
VINNSLUTILLAGA BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI
HELGAFELLSSVEITAR 2012-2024



Dagsetning	Mælikvarði	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
12.04.2024	1:50.000 (A2) 1:25.000	a1388-Saurar	a1388-Saurar.dgn	Vp